



Nesjavellir, hola NJ-21

3. áfangi: Borun vinnsluhluta
frá 807 í 1771 m dýpi



Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson
Bjarni Richter, Hjalti Franzson, Ómar Sigurðsson,
Sigurður Sveinn Jónsson, Sigvaldi Thordarson og
Steinar Þór Guðlaugsson

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

ORKUSTOFNUN

Rannsóknasvið

Verknúmer: 8-630-003

Ásgrímur Guðmundsson

Bjarni Guðmundsson

Bjarni Richter

Hjalti Franzson

Ómar Sigurðsson

Sigurður Sveinn Jónsson

Sigvaldi Thordarson

Steinar Þór Guðlaugsson

Nesjavellir, hola NJ-21

3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 807 í 1771 m dýpi

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

OS-2000/064

Nóvember 2000

Skýrsla nr: OS-2000/064	Dags: Nóvember 2000	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: NESJAVELLIR, HOLA NJ-21 3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 807 í 1771 m dýpi		Upplag: 45
		Fjöldi síðna: 62
Höfundar: Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Bjarni Richter, Hjalti Franszon, Ómar Sigurðsson, Sigurður Sveinn Jónsson, Sigvaldi Thordarson og Steinar Þór Guðlaugsson		Verkefnisstjóri: Benedikt Steingrímsson
Gerð skýrslu / Verkstig: Áfangaskýrsla, 3. áfangi borverks		Verknúmer: 8-630003
Unnið fyrir: Orkuveitu Reykjavíkur		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í skýrslunni er lýst borun þriðja og boráfganga holu NJ-21 á Nesjavöllum, þ.e. borun vinnsluhluta, og þeim gögnum sem safnað var í þessum áfanga. Holan, sem var boruð með Jötni, er uppi á stallinum sunnan Nesjavalladals skammt frá holu NG-8. Hún er skáhola og var ætlað að ná 600 metra innundir Hengilinn í stefnu 225°. Borun þessa áfanga hófst 3. júlí og lauk 22. júlí á 58 verkdegi. Borað var með 8 1/2" krónu og er lokadýpi holunnar 1771 m. Ásættanlegur halli og stefna náðist í boruninni. Sýnum af borsvarfi var safnað á tveggja metra og jarðlög og ummyndun greind eftir því samhlíða borun eins og venja er, og hefðbundnar borholumælingar gerðar, s.s. á upphitun, holuvídd, jarðlögum og steypugæðum, auk mælinga á halla og stefnu. Jarðlög á þessu dýptarbili í holunni eru einkum móberg og hraunlamyndanir, og innskot eru nokkuð algeng eins og í öðrum Nesjavallaholum. Algjört skoltap varð í 1260 m dýpi og fengust því engin svarfsýni þar fyrir neðan. Um 15 vatnsæðar fundust, sú öflugasta í 1410 m. Borverkið var unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt verksamningi við Orkuveitu Reykjavíkur, en rannsóknarhlutinn af Rannsóknasviði Orkustofnunar samkvæmt samningi þar um.		
Lykilorð: Nesjavellir, háhitasvæði, borhola, skáborun, jarðlög, ummyndun, vatnsæðar		ISBN-númer:
		Undirskrift verkefnisstjóra:
		Yfirfarið af: BS

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	5
2.	BORSAGA.....	5
3.	JARÐFRÆÐI, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR.....	12
3.1.	Gosberg.....	12
3.2.	Innskotsberg.....	12
3.3.	Ummyndun.....	12
3.4.	Vatnsæðar.....	12
4.	BORHOLUMÆLINGAR.....	15
5.	ÞREPAPRÓFUN.....	27
6.	HEIMILDIR.....	33
	VIÐAUKI 1.....	33
	VIÐAUKI 2.....	36
	VIÐAUKI 3.....	41

TÖFLUR

Tafla 1.	<i>Gangur borunar vinnsluhluta með 8½" krónu.</i>	6
Tafla 2.	<i>Gýrósmælingar í borun.</i>	8
Tafla 3.	<i>Mælingar á skoli.</i>	9
Tafla 4.	<i>Fóðrunarskýrsla.</i>	10
Tafla 5.	<i>Yfirlit borholumælinga.</i>	17
Tafla 6.	<i>Niðurstöður örvunar.</i>	22
Tafla 7.	<i>Samfelldar gýrósmælingar með G2 mæli. Færsla eftir sniði er reiknuð eftir línu sem stefnir 225°.</i>	33

MYNDIR

Mynd 1. Áætlun og framkvæmd borunar í 3. áfanga holu NJ-21.	7
Mynd 2. Jarðlagaskipan í 3. áfanga borunar NJ-21.....	13
Mynd 3. Hitamælingar fyrir niðurstetningu bormótors.	15
Mynd 4. Stutt þrepapróf samhliða örvunaraðgerðum í NV-21.....	16
Mynd 5. Lega holu NV-21 skv. G2-gýrósmælingum.....	19
Mynd 6. Hitamælingar sem gerðar voru meðan borun stóð yfir. Allar eru gerðar í stöngum nema sú sem gerð er þann 8. júlí 2000.....	20
Mynd 7. Þrýstingur með dýpi við mismunandi ádælingu (örvunaraðgerðir).	22
Mynd 8. Hitamælingar sem gerðar voru samfara örvunaraðgerðum, $Q \leq 25$ l/s.....	23
Mynd 9. Hitamælingar sem gerðar voru samfara örvunaraðgerðum, $Q \geq 43$ l/s.....	24
Mynd 10. Upphitun á 1739 m dýpi þann 18. júlí 2000.	25
Mynd 11. Hitamælingar í stöngum eftir örvanir.	25
Mynd 12. Jarðlagamælingar í NV-21.	26
Mynd 13. Þrýstingur með dýpi, fyrir og eftir þrepaprófun.	27
Mynd 14. Hitamælingar við þrepaprófun.	28
Mynd 15. Gangur þrepaprófana.	29
Mynd 16. Þrýstingur í þrepaprófunum á 1380 m dýpi.....	30
Mynd 17. Þrýstibreytingar í þrepaprófunum á 1380 m dýpi.	30
Mynd 18. Nálgun reiknilíkans á þrepaprófunargögnum.....	31
Mynd 19. Breyting einingarþrýstings í örvunaraðgerðum, $\Delta Q=18$ l/s, (800 m dýpi).	31
Mynd 20. Breyting einingarþrýstings í örvunaraðgerðum, $\Delta Q=25$ l/s, (800 m dýpi). ..	32
Mynd 21. Breyting einingarþrýstings í þrepaprófunum við mismikla breytingu ádælingar (1380 m dýpi).	32
Mynd 22. Borstrengur sem fór í holu 4. júlí 2000 (836–1254 m).	37
Mynd 23. Borstrengur sem fór í holu 7. júlí 2000 (1254–1352 m).	38
Mynd 24. Borstrengur sem fór í holu 8. júlí 2000 (1352–1502 m).	39
Mynd 25. Borstrengur sem fór í holu 11. júlí 2000 (1502–1771 m).	40

1. INNGANGUR

Hola NJ-21 er skammt frá holu NG-8, eins og getið hefur verið áður í áfangaskýrslum (Ásgrímur Guðmundsson o.fl. 2000a, Ásgrímur Guðmundsson o.fl. 2000b). Hún er skáholi og var henni ætlað að fara um 600 m innundir Hengilinn í stefnu 225°. Hún hefur staðarnúmer 95021 í gagnagrunni Orkustofnunar.

Skýrslan fjallar um borun vinnsluhluta holunnar, frá 807 í 1771 m dýpi, sem er þriðji og síðasti verkáfangi Jötuns við holuna. Fyrst er fjallað um helstu atriði borsögu, en síðan um jarðlög, ummyndun og vatnsæðar. Að lokum er fjallað um allar þær borholumælingar sem gerðar voru í þessum áfanga holunnar. Í viðauka 3 í skýrslunni fylgja allar dagskýrslur sem gefnar voru út meðan á borun þessa hluta holunnar stóð, og er þar lýst nánar því sem gerðist dag frá degi í þessum boráfanga.

Fjarlægð frá kjallarabrún að efri brún drifborðs Jötuns er 6,87 m og eru allar dýptartölur í skýrslunni miðaðar við drifborð, eins og venja er, nema annað sé tekið fram.

Verkið er unnið samkvæmt samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Rannsóknasviðs Orkustofnunar dagsettu 12. maí 2000. Helstu hönnunarforsendur holunnar eru settar fram í greinargerð Benedikts Steingrímssonar o.fl (2000).

2. BORSAGA

Á mynd 1 eru sýnd helstu atriði í þriðja áfanga borunar NJ-21, og í töflu 1 er sýndur framgangur borunar hvers dags. Strengur var settur niður á 39. verkdegi þann 3. júlí, boruð steypa niður fyrir stungustykki og öryggislokar prófaðir. Síðan var steypa boruð niður í 807 m dýpi sem var lokadýpi holu í 2. áfanga borunar. Borað var áfram í bergi niður í 836 m dýpi í þeirri von að fá inn skoltap, en það hefði auðveldað að halda holunni kældri meðan verið væri að taka upp borstreng og koma bormótor niður. Ekkert skoltap kom í holuna við þá borun. Hitamælt var í stöngum og mat lagt á hve holan hitnaði hratt upp (sjá mynd 3), en hún reyndist hitna um ~20°C/klst. Strengur var tekinn úr holu, og raðað saman í streng sem í var bormótor og stýringar, og raðað á þann hátt að hann væri sem stífastur. Uppröðun strengsins er sýnd á mynd 22 í viðauka 2. Þar sem engin æð var til staðar neðst í holunni reyndist ekki unnt að halda henni kaldri, og varð að "mjólka" strenginn niður stöng fyrir stöng neðan um 670 m dýpis.

Í borun var sú stefna tekin að bora um 10 m/klst. Í fyrstu var álag um 5–10.000 pund og um 200 sn/mín, en þegar komið var í um 1050 m dýpi töldu stefnuborarar að holan væri að missa hallann. Var þá álag aukið upp í um 20–25.000 pund til að reyna að byggja hallann upp á ný. Við það styttist bortímínn og var þá skoltími milli stanga aukinn til að viðhalda áður nefndum 10 m/klst meðalborhraða.

Tafla 1. Gangur borunar vinnsluhluta með 8½" krónu.

Borkróna (Frامل.no./Gerð) 8 1/2"	Dagur	Borun (m)	Bortími (klst)	Meðal- borhr. (m/klst)	Tími á krónu (klst)	Dýpi (m)	Boraðferð
SM-2821/EHP61-D	00.07.03	29	8.5	3.4	8.5	836	Rótaríborun
LJ-4076/EHP-51-AFLDH	00.07.04	84	9	9.3	9	920	Mótorborun
-	00.07.05	210	16	13.1	25	1130	-
-	00.07.06	124	5	24.8	28	1254	-
LH-8405/EHP-61-ALK	00.07.07	74	4	18.5	4	1328	-
-	00.07.08	51	3.5	14.6	7.5	1379	Rótaríborun
-	00.07.09	92	16	5.8	23.5	1471	frá 1350 m
-	00.07.10	31	8.5	3.6	32	1502	-
-	00.07.11	62	11.5	5.4	43.5	1564	-
-	00.07.12	19	1.5	12.7	45	1583	-
-	00.07.13	116	16.5	7.0	61.5	1699	-
-	00.07.14	32	5	6.4	66.5	1731	-
-	00.07.15	40	6.5	6.2	73	1771	-
Heild		964	111.5	8.6			

Gýrósmælt var 6. júlí þegar holan var orðin 1254 m djúp. Eftir þá mælingu kom í ljós stífla í bormótor, og hann því ekki í standi til að halda áfram borun. Hitamælt var áður en upptekt borstrengs hófst (sjá mynd 6, kafla 4). Er strengur var kominn úr holu kom í ljós að bormótor var bilaður. Settur var annar bormótor í strenginn og uppröðun strengs breytt á þann hátt að strengurinn væri líklegri til að halda halla. Er sú uppröðun sýnd á mynd 23 í viðauka 2. Í upphafi borunar er strengur var kominn í holu var reynt að auka halla holunnar á ný með því að beina krónu í ákveðna stefnu og renna snúningslausum streng niður (slide). Í kjölfar gýrósmælingar þegar holan var 1352 m djúp kom fram bilun í bormótor sem líktist mjög þeirri sem hrjáði fyrri bormótorinn, auk þess að strengur var fastur. Strengur losnaði eftir stutta stund, og var þá tekið til við upptekt borstrengs. Í ljós kom að bormótor snerist ekki. Þar sem enginn varamótor var tiltækur, jafnframt því að ekki var ljós ástæða bilana bormótoranna, var tekin sú ákvörðun að setja niður streng án bormótors og var hann kominn niður 8. júlí (sjá mynd 24, viðauka 2). Hitamælt var í opinni holu áður en borstrengur var settur á ný í holuna (sjá mynd 6, kafla 4). Áfram var borað niður í 1485 m dýpi og sýndi þá gýrósmæling að halli holunnar væri kominn í um 40° frá lóðréttu. Þótti það heldur mikill halli og var strengur tekinn úr holu eftir að hitamælt hafði verið í stöngum (sjá mynd 6, kafla 4), og honum endurraðað þannig að hallaupbygging stöðvaðist. Er uppsetning borstrengs sýnd á mynd 25 (viðauki 2).

Borun hófst aftur 11. júlí og var beitt um 15.000 punda álagi og um 57 sn/mín. Hitamælt var á ný í kjölfar gýrósmælingar þegar holan var orðin 1564 m djúp (sjá mynd 6, kafla 4), og var neðsta æð í um 1390 m dýpi, og mögulega vottur að annarri á um 1415 m dýpi. Á þessum tímamarki varð vart bilunar í "kellybushing" sem orsakaði um sólarhringstöf í borun. Er viðgerð lauk var holan rýmd frá um 1400 m dýpi niður á botn í 1564 m, og var það gert til þess að minnka snúningsviðnám borstrengsins (torque).




ORKUSTOFNUN
ROS

NESJAVELLIR

HOLA NJ-21

Gangur borunar í 3. áfanga

HF/ÁsG
15-10-2000



Mynd 1. Áætlun og framkvæmd borunar í 3. áfanga holu NJ-21.

Áfram var borað niður á 1699 m dýpi en þá var komið nærri aflmörkum borsins, og þegar við bættist að bordæla 3, sem starfar óháð aflvél borsins bilaði, var ljóst að aflið nægði vart bæði til borunar og fullum afköstum dælu 1 og 2. "Dragið" var komið í um 180 þús. pund og snúningsviðnámið í um 480 amper. Hitamælt var í stöngum til að átta sig á hvort nýjar æðar hefðu bæst í hópinn neðan 1400 m dýpis, en niðurstaðan var neikvæð (sjá mynd 6, kafla 4), og því áhugi á að halda áfram borun. Gert var við dælu 3 og hófst borun aftur litlu síðar. Er komið var í 1771 m dýpi var álagið á aflkerfi borsins aftur komið í hámark, ekki síst vegna þess að dæla 3 var enn biluð. Var ljóst að áhættusamt yrði að bora dýpra, þar sem aukaafli borsins væri mjög af skornum skammti ef til festu kæmi. Borun holunnar lauk því á þessu dýpi aðfaranótt 16. júlí.

Í töflu 2 er skrá yfir gýrómælingar sem gerðar voru á meðan borun stóð.

Tafla 2. Gýrómælingar í borun.

Dýpi holu (m)	Mældýpi (m)	Stefna (°)	Halli frá lóðr. (°)
924	905	223	29,5
1254	1227	225,9	23,37
1254	1227	228,5	23,46
1302	1275	224,6	26,88
1350	1322	230	33
1405	1386	236,7	36,7
1425	1405	227,5	37,03
1483	1465	222,6	40,1
1564	1544	215	41

Fylgst var náið með hita skolvatns meðan hans naut við og dæluþrýstingi. Voru síðar-nefndu gögnin einkar notadrjúg til að meta vatnsborð, og þar með viðbótarvatnsæðar í holunni, eftir að algert skoltap var komið í borun. Frekar verður unnið úr þeim mælingum þegar að lokaúrvinnslu kemur.

Bormenn fylgdust með skoltapi í holunni meðan skol komst til yfirborðs og eru niðurstöður þeirra sýndar í töflu 3.

Hitamæling í stöngum sýndi að dýpsta góða æðin í holunni var á rúmum 1400 m dýpi, en neðan þess virtist lítill sem enginn leki vera. Hitamælingin sýndi þó mjög breytilegan hita þar, sem benti til breytilegs poruhluta (og/eða (hálf)stíflaðra vatnsæða) í berginu. Afar freistandi þótti því að reyna að örva holuna neðan 1400 m dýpis. Borstrengur var tekinn úr holu og settar niður borstangir með einstreymisloka. Kom í ljós að um 24 m botnfall var í holubotni. Þá var gerð samfelld gýrómæling í strengnum og eru niðurstöður hennar sýndar á mynd 5 og töflu 7 í viðauka 1. Niðurstöður eru mjög ásættanlegar miðað við upphaflega stefnumörkun.

Örvunin fólst aðallega í upphitun holunnar í 10–12 klst, fylgt eftir með hringdælingu í gegnum streng og hún kæld í 2–4 klst. Í lok hvorrar örvunar var holan metin með styttri gerð þrepaðælingar. Tvívegis var örvað á þennan máta dagana 16. til 19. júlí, og var

þrepaþrófað fyrir örvunaraðgerðir og eftir hvora þeirra. Nokkur árangur varð af þessum aðgerðum, einkum opnuðust æðarnar ofan 1400 m dýpis, en ekki tókst að opna neinar æðar neðan þess dýpis. Frekari umfjöllun um örvunina er í kafla 4.


Að örvun lokinni voru stangir teknar úr holu og jarðlagamælingar gerðar. Ekki tókst vegna hita að mæla nifteindir, gamma og vídd dýpra en 1510 m en viðnám var mælt allt niður í botn holunnar, enda þolir sá mælir mun meiri hita. Botn reyndist vera í 1740 m, sem þýðir að botnfall var orðið um 30 m.

Fóðrun holunnar með 7" leiðara hófst svo í kjölfar jarðlagamælinga, og er fóðringa-skýrsla sýnd í töflu 4. Að fóðrun lokinni var holan þrepaðeld, en síðan tók við flutningur borsins yfir á holu NJ-22. Bormastrið var fellt 22. júlí, sem var 58 verkdagur Jötuns við borun NJ-21. Ákveðið var að halda áfram að dæla á holuna og var vatnsveita borsins beintengd við holutoppinn og vatn látið flæða niður í hana. Var því haldið áfram þar til vatns var þörf við borun holu NJ-22.

Tafla 3. Mælingar á skoli.

Dagsetning	Kl.	Dýpi m	Þrýst- ingur PSI	Dæla 1		Dæla 2		Dæling alls l/s	Tap		Skol- hraði m/mín	Tími frá botni mín	Svarf m/mín	TFB mín	Hiti niður °C	Hiti upp °C	diff. hiti °C	
				slög	l/s	slög	l/s		cm	l/s								
03.07.2000	11:00	820	480	105	19.46	106	19.64	39.10	0	0.00	100.51	8.16	95.51	8.59	9.7	18.8	9.1	
03.07.2000	14:00	831	490	110	20.38	106	19.64	40.02	0	0.00	102.89	8.08	97.89	8.49	11.8	18.2	6.4	
04.07.2000	16:00	836	460	106	19.64	106	19.64	39.28	0	0.00	100.99	8.28	95.99	8.71	10.6	17.7	7.1	
04.07.2000	18:00	869	600	88	16.31	88	16.31	32.61	2	0.59	82.32	10.56	77.32	11.24	10.1	18.2	8.1	
04.07.2000	23:00	911	600	92	17.05	92	17.05	34.10	0	0.00	87.65	10.39	82.65	11.02	8.9	18.2	9.3	
05.07.2000	02:30	929	790	109	20.20	100	18.53	38.73	0	0.00	99.56	9.33	94.56	9.82	8.9	17.1	8.2	
05.07.2000	06:00	961	740	102	18.90	102	18.90	37.80	0	0.00	97.18	9.89	92.18	10.43	8.7	18.1	9.4	
05.07.2000	10:00	996	800	100	18.53	99	18.34	36.87	0	0.00	94.79	10.51	89.79	11.09	9.8	16.9	7.1	
05.07.2000	14:00	1037	850	109	20.20	109	20.20	40.40	10	2.95	96.26	10.77	91.26	11.36	10.8	19.2	8.4	
05.07.2000	18:00	1083	900	110	20.38	110	20.38	40.77	14	4.13	94.18	11.50	89.18	12.14	10.6	17.8	7.2	
05.07.2000	22:00	1116	900	102	18.90	102	18.90	37.80	26	7.67	77.46	14.41	72.46	15.40	10.2	15.2	5.0	
06.07.2000	02:30	1154	900	102	18.90	103	19.09	37.99	38	11.21	68.83	16.76	63.83	18.08	10.0	15.2	5.2	
06.07.2000	06:15	1194	900	102	18.90	102	18.90	37.80	42	12.39	65.32	18.28	60.32	19.79	9.5	15.8	6.3	
06.07.2000	11:30	1241	975	110	20.38	108	20.01	40.40	60.5	17.85	57.96	21.41	52.96	23.43	10.0	15.1	5.1	
06.07.2000	22:00	1254		Tekið á dælu						>40								
07.07.2000	22:20	1310	1100	Tekið á dælu						35.00					8.5	13	4.5	
08.07.2000	02:00	1350	1020	106	19.64	110	20.38	40.02	126	37.17	7.34	183.95	2.34	577.21	8.6	13.2	4.6	
08.07.2000	22:00	1363	760	134	24.83	131	24.27	49.10	167	>50								
09.07.2000	01:45	1391	860	128	23.72	123	22.79	46.51	167	>50								
09.07.2000	06:15	1405	760	120	22.24	120	22.24	44.47	167	>50								


Tafla 4. Fóðrunarskýrsla.

	FÓÐRUNARSKÝRSLA	Eyðublað nr. 68-051
JARÐBORANIR HF		

Verk nr. 42674	Hola nr. NJ-21	Borstaður Nesjavellir	Bor Jötunn	Verkkaupi Orkuveita Reykjavíkur
Vidd holu 8 1/2"	Dýpt holu mv. drifborð 1771	Fóðring nr. 4	Fóðrun framkv. dags. 20.7.2000	Útfyllt af: K.S.

Holudýpi frá flangsi				1,763.24	m	Fóðringard. frá fl.		1,731.14	m	Röretalning							
Gerð				K-55	byngd	26 lbs/ft											
Utánmál				7"	Innánmál	159.4				LENGD	NR	MS	ALLS m				
FÓÐRING	Veggþykkt				9.2	mm	Pöntunar nr.				Upphengi	er í	778.47				
	Tengi				Skrúfuð Buttress								0.85	Hengi	779.32		
	Flangs				Fóðring hangir í burns upphengi í 778,47m frá flangsi.								13.63	1	H	792.95	
	Stungutengi												13.23	2	H	806.18	
	Skór				Stýriskór								13.73	3	H	819.91	
	Miðjustillar				stk	Steyputappar	stk				13.38	4	H	833.29			
													12.97	5	R	846.26	
													13.50	6	R	859.76	
STEYPING	Steypa 1 þurrefni				kg	Tafefni	kg				13.72	7	R	873.48			
	Eðlisþyngd				kg/l	Steypingartími	mín				13.13	8	R	886.61			
	Steyputæki												13.56	9	R	900.17	
	Steypa kom upp ?				Eðlisþyngd steypu upp				kg/l				13.51	10	R	913.68	
	Eftirdæling				ltr	Eftirdæling	mín				13.93	11	R	927.61			
	Steypa 2 þurrefni				kg									13.78	12	R	941.39
													13.80	13	R	955.19	
FRÁGANGUR	Dýpi á steypu utan röra				m	Steypt utan með eftir	klst				13.37	14	R	968.56			
	Steypa þurrefni				kg	Skorið ofan af eftir	klst				13.02	15	R	981.58			
	Dýpi á steypu í röri				m	Steypa boruð eftir	klst				12.48	16	R	994.06			
													13.68	17	R	1007.74	
													13.60	18	R	1021.34	
ATHUGASEMDIR													13.80	28	R	1152.22	
Notuð voru 67 raufuð rör en 4 efstu rörin eru heil.													11.07	19	R	1032.41	
													13.81	20	R	1046.22	
Botnfall er í holu 29m.													13.83	21	R	1060.05	
													12.29	22	R	1072.34	
													13.89	23	R	1086.23	
													13.34	24	R	1099.57	
													13.57	25	R	1113.14	
													13.94	26	R	1127.08	
													11.34	27	R	1138.42	
													13.80	28	R	1152.22	

Tafla 4. Frh.

 JARÐBORANIR HF	FÓÐRUNARSKÝRSLA	Framhaldseyðublað nr. 68-051
------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------	------------------------------

Verk nr. 42674	Hola nr. NJ-21	Borstaður Nesjavellir	Fóðring nr. 4	Blaðsíða nr. 2
-------------------	-------------------	--------------------------	------------------	-------------------

RÖRATALNING				RÖRATALNING				RÖRATALNING			
LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m
13.41	29	R	1,165.63	13.29	61	R	1,597.11				
13.79	30	R	1,179.42	12.55	62	R	1,609.66				
13.67	31	R	1,193.09	13.38	63	R	1,623.04				
13.80	32	R	1,206.89	13.35	64	R	1,636.39				
13.71	33	R	1,220.60	13.91	65	R	1,650.30				
13.60	34	R	1,234.20	13.29	66	R	1,663.59				
13.66	35	R	1,247.86	13.56	67	R	1,677.15				
13.36	36	R	1,261.22	13.47	68	R	1,690.62				
13.82	37	R	1,275.04	13.36	69	R	1,703.98				
13.36	38	R	1,288.40	13.68	70	R	1,717.66				
13.63	39	R	1,302.03	13.13	71	R	1,730.79				
13.34	40	R	1,315.37	0.35	Skór		1,731.14				
13.31	41	R	1,328.68								
13.46	42	R	1,342.14								
13.43	43	R	1,355.57								
13.84	44	R	1,369.41								
13.52	45	R	1,382.93								
13.68	46	R	1,396.61								
13.38	47	R	1,409.99								
13.52	48	R	1,423.51								
13.49	49	R	1,437.00								
13.59	50	R	1,450.59								
13.56	51	R	1,464.15								
12.49	52	R	1,476.64								
13.66	53	R	1,490.30								
13.51	54	R	1,503.81								
13.22	55	R	1,517.03								
12.72	56	R	1,529.75								
13.17	57	R	1,542.92								
13.41	58	R	1,556.33								
13.75	59	R	1,570.08								
13.74	60	R	1,583.82								

3. JARÐFRÆÐI, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

Jarðlagagreining byggir aðallega á svarfsýnum sem tekin eru á 2 m bili í borun, en einnig er stuðst við jarðlagamælingar. Jarðlöggin eru sýnd á mynd 2 ásamt borhraða og vatnsæðum. Svarfsýni voru tekin rétt niður fyrir 1250 m dýpi, en neðan þess dýpis var komið algert skoltap og því engin sýni. Svo virðist sem jarðlögum sé unnt að skipta í tvær megin einingar, gosberg og innskotsberg.

3.1. Gosberg

Móberg (ca. 840–955 m)

Bergið er að mestu leyti ummyndað túff, en með basaltlögum inn á milli. Þótt túffið sé fremur útfellingaríkt hefur það fremur dökkgrænan lit, sem bendir til tiltölulega lítillar vatnsgengdar.

Hraunlagamyndun (955– >1260 m)

Hraunlöggin eru að mestu fín-meðalkorna basalt, og gætu verið allt að 15 að tölu.

3.2. Innskotsberg

Basaltinnskot eru, líkt og í öðrum Nesjavallaholum, nokkuð algeng í vinnsluhluta holunnar, og eru þau merkt inn á jarðlagasniðið. Þau eru einkum að finna á dýptarbilinu frá 850–920, 980–1030 og 1090–1140 m dýpi. Aðallega er um að ræða frekar lítið ummynduð fín-meðalkorna þétt basaltinnskot.

Ísúrt-súrt berg greinist best frá basalti á grundvelli náttúrulegs gammaútslags í jarðlagamælingunum. Ekki er ljóst hvort þau lög séu öll innskot, og verður frekari úrvinnsla að skera úr um það. Þessi auknu gammaútslög koma fram á 940–980 m, nokkrir mjóir toppar á 1215–1230 m dýpi, síðan 1290–1315, 1390–1400 og 1495–1500 m dýpi.

3.3. Ummyndun

Gosbergið í staflanum sýnir alla jafnan mun meiri bergummyndun en innskotin, sem eru bæði þéttari bergmyndanir og yngri en þau fyrrnefndu. Í útfellingum var einkum verið að leita að efri mörkum hitaháðra steinda, og birtist epidót fyrst á um 890 m, prenit á 910 m, og wollastonít á 920 m dýpi. Kalsít, sem þolir ekki hærri hita en um 290°C, er horfið á um 920 m dýpi.

3.4. Vatnsæðar

Vatnsæðar eru merktar inn á mynd 2. Einkum var stuðst við hitamælingar til að finna æðarnar, en einnig var horft til skoltapa í borun, en neðan 1260 m var borað í algjöru skoltapi. Æðar sáust á eftirtöldum dýpum 825, 905, 940, 970, 990, 1034, 1105, 1206, 1250, 1320, 1365, 1380, 1395, 1410 og 1415 m dýpi. Strikað er undir virkustu æðarnar en margt bendir til þess að æðin á 1410 telst þeirra öflugust. Í fljótu bragði virðist lekt koma fram við basalt innskotin og einnig nærri því bergi sem sýnir há náttúruleg gamma gildi (ísúrt/súrt berg).



ORKUSTOFNUN
Rannsóknasvið

Borgögn NJ-21 Nesjavellir


24-10-2000

Staður: Nesjavellir
Holunafn: NJ-21


Bor: Jötunn
Dýptarbil: 807-1771 m

Skolvökví: Vatn
Verkhlutí: 3. áfangi

Staðarnúmer: 95021
Starfsmenn: HF/AsG/BR




Mynd 2. Jarðlagaskipan í 3. áfangi borunar NJ-21.



Mynd 2. Frh.

4. BORHOLUMÆLINGAR

Borholumælingar í 3. áfanga eru sýndar í töflu 5, en þær hófust þann 3. júlí þegar hiti var mældur í stöngum eftir borun steypu og stungustykkis. Hitamælt var til að meta upphitun í holunni fyrir niðursetningu bormótors, sjá mynd 3. Þær mælingar sýna að holan er þétt og hitnar víðast hvar um $\sim 20^{\circ}\text{C}$ á klukkustund. Á grundvelli þessara hitamælinga var ljóst að kæla þyrfti holuna öðru hvoru meðan bormótör var slakað niður.




Mynd 3. Hitamælingar fyrir niðursetningu bormótors.

Í 3. áfanga var haldið áfram að fylgjast grannt með stefnu holunnar, og voru því gerðar allmargar gýró-mælingar í áfanganum, sem lauk með samfelldri gýró-mælingu milli 740 og 1730 m dýpis þann 16. júlí. Á mynd 5 sést lega holunnar samkvæmt samfelldu gýró-mælingum (G2) sem gerðar hafa verið í holunni, en neðsta mæligildinu (á 1730 m) hefur verið framlengt til botns (1771 m), og má þar sjá að holan liggur mjög nærri upphaflegum áætlanum. Gýró-mælingunum fylgdu oft hitamælingar (tafla 5), sem gerðar

voru til að fylgjast með æðum í holunni og upphitun í henni (sjá mynd 6). Á mælingunum mátti sjá ýmsar æðar neðan 800 m dýpis, t.d. má greina innrennsli úr æðum ofan 1000 m dýpis, en dýpri æðar tóku við ádælingunni. Mest áberandi eru æðar á 1320–1415 m dýpi, og fór lítið af ádælingunni niður fyrir það dýpi. Neðan 1415 m dýpis hitnaði holan ört, en í sumum mælinganna mátti þó sjá hitatopp á um 1540 m dýpi og kólnaði þar fyrir neðan, hugsanlega vegna aukins grops þar og því meiri kælingar bergsins meðan ádæling náði þangað niður.

Þann 16. júlí var ákveðið að gera lauslega könnun á gæfni holunnar og í framhaldi af því var kannað hvort hægt væri að örva holuna eitthvað með upphitun og kælingu á víxl. Örvunaraðgerðirnar stóðu yfir dagana 16. til 18. júlí, og voru á þeim tíma gerðar allmargar hita- og þrýstimælingar til að kanna ástand holunnar. Til að meta gæfni holunnar og viðbrögð hennar við örvunaraðgerðum voru gerð stutt þrepapróf áður en örvunaraðgerðirnar hófust og eftir hvora þeirra, alls 3 sinnum. Þessi þrepapróf voru öll framkvæmd á sama hátt. Þrýstingur var mældur á 800 m dýpi, og byrjað að mæla við 43 l/s ádælingu þar sem mælirinn var látinn jafna sig við þá ádælingu, síðan var dæling minnkuð í 25 l/s og fylgst með þrýstibreytingunni í rúman klukkutíma, og að lokum var ádælingin tekin af og fylgst með þrýstibreytingunni, aftur í um klukkutíma. Þessi þrepapróf eru sýnd á mynd 4, og í töflu 6 eru megin niðurstöður sýndar. Ýmislegt áhugavert kom fram í þessum mælingum og verður hér aðeins farið í gegnum það markverðasta, en nákvæmari úrvinnsla látin bíða síðari tíma.




Mynd 4. Stutt þrepapróf samhliða örvunaraðgerðum í NV-21.

Tafla 5. Yfirlit borholumælinga.


Dags.	Tími	Mæling	Dýptarbil	Tilgangur	Skrá	Athugasemdir
03-07-2000	16:18-16:52	Hiti	15-820	Upphitun	H200007031618	Q=0 l/s. v/bormótors
03-07-2000	16:52-17:55	Hiti	814	Upphitun	T200007031652	Q=0 l/s. v/ bormótors
03-07-2000	17:57-18:31	Hiti	814-3	Upphitun	H200007031757	Q=0 l/s. v/ bormótors
05-07-2000	01:00-02:00	Gýró	905	Stefna		I=29,5°, Az=223°N
06-07-2000	13:30-15:00	Gýró	1227	Stefna		I=23,37°, Az=225,9°N
06-07-2000	16:50-17:35	Hiti	22-1227	Upphitun	H200007061650	Q=-20 l/s. Í stöngum.
07-07-2000	12:50-13:40	Gýró	1227	Stefna		I=23,46°, Az=228,5°N
07-07-2000	19:30-21:00	Gýró	1275	Stefna		I=26,88°, Az=224,6°N
08-07-2000	02:45-03:00	Gýró	1322	Stefna		I=33,01°, Az=239,9°N
08-07-2000	11:44-12:38	Hiti	20-1331	Upphitun	H200007081144	Q=-25 l/s.
09-07-2000	04:30-06:00	Gýró	1381	Stefna		I=36,67°, Az=236,7°N
09-07-2000	13:40-14:45	Gýró	1405	Stefna		I=37,03°, Az=227,5°N
10-07-2000	02:30-03:30	Gýró	1464	Stefna		I=10,11°, Az=222,6°N
10-07-2000	13:33-14:32	Hiti	20-1483	Upphitun	H200007101333	Q=-35 l/s. Í stöngum.
10-07-2000	14:33-15:01	Hiti	1483	Upphitun	T200007101432	Q=-35 l/s. Í stöngum.
10-07-2000	15:04-15:31	Hiti	1483-20	Upphitun	H200007101504	Q=-35 l/s. Í stöngum.
11-07-2000	21:15-22:15	Gýró	1544	Stefna		I=41,2°, Az=215,2°
11-07-2000	22:30-23:30	Hiti	10-1544	Æðar	H200007112234	Q=-26,4 l/s. Í stöngum.
14-07-2000	01:30-02:35	Hiti	10-1674	Æðar	H200007140133	Q=-43 l/s. Í stöngum.
14-07-2000	02:35-03:00	Hiti	1674	Upphitun	T200007140236	Q=-43 l/s. Í stöngum.
14-07-2000	03:00-03:35	Hiti	1674-0	Upphitun	H200007140300	Q=-43 l/s. Í stöngum.
16-07-2000	07:24-08:22	Hiti	45-1738	Æðar	H200007160724	Q=-25 l/s. Í stöngum.
16-07-2000	08:24-09:10	Hiti	1737	Upphitun	T200007160824	Q=-25 l/s. Í stöngum.
16-07-2000	09:15-09:47	Hiti	1737-800	Upphitun	H200007160915	Q=-25 l/s. Í stöngum.
16-07-2000	10:42-11:16	Hiti	800-1738	Upphitun	H200007161042	Q=-43 l/s. Í stöngum.
16-07-2000	12:00-16:00	Gýró	740-1730	Stefna		Samfelld mæling, G2.
16-07-2000	16:14-16:42	Þrýstingur	0-800	Vatnsborð	P200007161614	Q=-43 l/s, vb=188 m.
16-07-2000	17:12-19:32	Þrýstingur	800	Þrepapróf	P200007161712	Q: -43, -25 l/s og 0 l/s.
16-07-2000	19:40-19:47	Hiti	800-966	Upphitun	H200007161940	Q=0 l/s. Í stöngum.
16-07-2000	19:53-20:11	Þrýstingur	800-300	Vatnsborð	P200007161953	Q=0 l/s, vb=332 m.
17-07-2000	11:16-11:30	Hiti	100-514	Æðar	H200007171116	Q=-25 l/s, vb=317 m. Í st.
17-07-2000	11:37-12:19	Hiti	500-1738	Æðar	H200007171137	Q=-25 l/s, vb=317 m. Í st.
17-07-2000	13:33-14:06	Hiti	800-1738	Æðar	H200007171333	Q=-43 l/s, vb=317 m. Í st.
17-07-2000	14:35-14:44	Þrýstingur	475-200	Vatnsborð	P200007171435	Q=-25 l/s, vb=317 m.
17-07-2000	15:18-16:33	Þrýstingur	800	Þrepapróf	P200007171518	Q breytt úr -43 í -25 l/s.
17-07-2000	16:38-17:50	Þrýstingur	800	Þrepapróf	P200007171638	Q breytt úr -25 í 0 l/s.

Tafla 5. frh.

Dags.	Tími	Mæling	Dýptarbil	Tilgangur	Skrá	Athugasemdir
17-07-2000	18:06-18:12	Hiti	800-966	Upphitun	H200007171806	Q=0 l/s. Í stöngum.
17-07-2000	18:16-18:31	Þrýstingur	800-300	Vatnsborð	P200007171816	Q=0 l/s, vb=339 m.
18-07-2000	09:48-10:43	Hiti	10-1738	Æðar	H200007180948	Q=-43 l/s. Í stöngum.
18-07-2000	10:49-11:45	Hiti	1738	Upphitun	T200007181049	Q=-43 l/s. Í stöngum.
18-07-2000	11:47-12:18	Hiti	1738-800	Upphitun	H200007181147	Q=-43 l/s. Í stöngum.
18-07-2000	12:47-12:59	Þrýstingur	500-200	Vatnsborð	P200007181247	Q=-43 l/s, vb=229 m.
18-07-2000	13:32-14:51	Þrýstingur	800	Þrepapróf	P200007181332	Q breytt úr -43 í -25 l/s.
18-07-2000	14:54-16:42	Þrýstingur	800	Þrepapróf	P200007181454	Q breytt úr -25 í 0 l/s.
18-07-2000	17:29-17:55	Hiti	800-1541	Upphitun	H200007181729	Q=-52 l/s. Í stöngum.
18-07-2000	17:56-18:10	Hiti	1520	Upphitun	T200007181756	Q=-52 l/s. Í stöngum.
18-07-2000	18:52-18:58	Þrýstingur	500-350	Vatnsborð	P200007181852	Q=-51 l/s, vb=390 m, stangir ekki fylltar
18-07-2000	20:01-20:08	Þrýstingur	350-185	Vatnsborð	P200007182001	Q=-57 l/s, vb=210 m, stangir fylltar.
18-07-2000	20:42-21:35	Hiti	10-1700	Upphitun	H200007182042	Q=-57 l/s. Í stöngum.
19-07-2000	09:22-10:19	Hiti	10-1738	Æðar	H200007190922	Q=-57 l/s. Í stöngum.
19-07-2000	10:19-11:00	Hiti	1738	Upphitun	T200007191019	Q=-57 l/s. Í stöngum.
19-07-2000	11:03-11:28	Hiti	1738-950	Upphitun	H200007191103	Q=-57 l/s. Í stöngum.
19-07-2000	19:01-19:33	Hiti	50-1740	Upphitun	H200007191901	Q=-53 l/s.
19-07-2000	21:04-22:26	Nifteindir	1510-770	Jarðlög	N200007192104	
19-07-2000	21:04-22:26	Gamma	1510-770	Jarðlög	G200007192104	
19-07-2000	23:32-00:17	XY-vídd	1510-700	Vídd holu	X/Y200007192332	
20-07-2000	01:56-02:20	Viðnám	1740-805	Jarðlög	S/L/A200007200156	SP á 16" skauti.
20-07-2000	20:39-21:06	Þrýstingur	50-980	Vatnsborð	P200007202039	Q=-24,5 l/s, vb=187 m, gas í holu (785- 940 m).
20-07-2000	21:36-22:00	Þrýstingur	990-100	Vatnsborð	P200007202136	Q=-24,5 l/s, vb=200 m, gas í holu (785- 940 m).
20-07-2000	22:56-23:28	Þrýstingur	160-1280	Vatnsborð	P200007202256	Q=-24,5 l/s, vb=214 m, gas í holu (785- 915 m).
20-07-2000	23:41-23:59	Hiti	750-1470	Upphitun	H200007202341	Q=-24,5 l/s
21-07-2000	00:11-03:05	Þrýstingur	1380	Þrepapróf	P200007210011	Q breytt úr -24,5 í -37 l/s
21-07-2000	03:14-06:05	Þrýstingur	1380	Þrepapróf	P200007210314	Q breytt úr -37,6 í -57 l/s
21-07-2000	06:12-09:15	Þrýstingur	1380	Þrepapróf	P200007210612	Q breytt úr -57,4 í -30 l/s
21-07-2000	09:19-09:22	Hiti	1380-1465	Upphitun	H200007210919	Q=-30 l/s
21-07-2000	09:36-10:00	Þrýstingur	1100-240	Vatnsborð	P200007210936	Q=-30 l/s, vb=303 m, ekkert gas í holu




Mynd 5. Lega holu NV-21 skv. G2-gýrósmælingum.



Mynd 6. Hitamælingar sem gerðar voru meðan borun stóð yfir. Allar eru gerðar í stöngum nema sú sem gerð er þann 8. júlí 2000.

Ef þrýstibreytingarnar í dæluprepunum í örvunaraðgerðum eru athugaðar, kemur í ljós að þær minnka milli fyrstu og annarar mælingar (16. og 17. júlí), en ekki milli annarar og þriðju mælingar (17. og 18. júlí). Því má segja að nokkur árangur hafi orðið af fyrstu örvuninni, en ekki af þeirri seinni. Athyglisvert er að um 27 mínútum eftir að slökkt er á ádælingunni kemur fram þrýstifall upp á u.þ.b. 2 bar. Þetta má rekja til þess að gas/gufa úr æðum neðan vinnslufóðringar byrja að streyma inn í holuna eftir að slökkt er á dælingu og líklegast myndast einhvers konar gas/gufu-tappi sem siglir upp holuna. Meðan hann er á leið sinni upp holuna er sami þungi á vatnssúlunni, þ.a. þrýstimælirinn verður hans ekki var. Sennilega þenst hann út og hraðar för sinni eftir því sem ofar dregur (vegna þrýstiaðstæðna) og þegar hann nálgast vatnsborðið nær hann að rífa með sér töluvert af vatni og þeyta því upp með sér (nokkurs konar gos). Sennilega er það á þeim tímapunkti sem þrýstingurinn sem mældur er inn í borstöngum fellur, því svo virðist sem vatnsgusan sem kemur upp úr holunni komi u.þ.b. 2 mínútum síðar (17. júlí spýttist vatn út um belgloka, auk þess sem púlsinn kom fram á siritandi þrýstimæli á “kill-line”). Vegna einstreymisloka á borstrengnum nær þrýstingurinn ekki að jafna sig strax aftur eftir vatnsborðslækkunina sem fylgdi þrýstifallinu, en smám saman vex þrýstingur aftur inn í stöngum vegna hitaþenslu vatns neðan þrýstimælis. Fleiri vísbendingar komu fram um að gas/gufa streymdi inn í holuna, því í þrýstimælingum niður holuna áður en hið endanlega þrepapróf var framkvæmt kom í ljós að á ~800–950 m dýpi eru greinileg merki um slíkt. Samfara þrýstimælingunum á 800 m dýpi var þrýstingur með dýpi mældur í holunni, til að finna vatnsborð við mismunandi ádælingu. Þær mælingar eru sýndar á mynd 7, en þar má sjá að vatnsborð fyrir örvunaraðgerðir er um 330 m við enga ádælingu og um 190 m við 43 l/s ádælingu, en eftir örvanir er vatnsborð á um 340 m dýpi við enga ádælingu og í 230 m við 43 l/s ádælingu (í mælingunni 17. júlí með 43 l/s ádælingu virðist vera töluvert loft í vatnssúlunni, sem sést á afbrigðilegri hallatölu, og vegna þess mælist vatnsborðið of ofarlega).


Auk þrýstimælinganna sem gerðar voru vegna örvunaraðgerða, var hiti einnig mældur reglulega og eru þær mælingar sýndar á myndum 8 og 9. Þar má greinilega sjá að mjög lítið af ádælingunni fer niður fyrir æðina á ~1410 m dýpi, en þegar ádæling er lítil (0 eða 25 l/s) sjást greinilegir hitatoppur á um 1445 m og 1540 m dýpi. Þegar ádæling er aukin í 43 l/s eða meir, minnka topparnir og smyrjast út, svo einhver smádreitill fer áfram niður holuna í einhverjar smáæðar. Í upphitunarmælingu þann 18. júlí þar sem ádæling var 43 l/s, sjá mynd 10, mátti sjá merki þess að einhver smá leki nái niður undir botn, en hitatoppur sem þar fer framhjá er talinn vera sá sem sást á um 1550 m dýpi þegar mælt var niður holuna. Miðað við þá túlkun gæti þessi leki verið um 2 l/s. Eftir þessar örvunaraðgerðir var sett á 52 l/s ádæling (kl. 16:48) og kl. 17:29 var hiti mældur í þeirri ádælingu niður á 1520 m dýpi og svo kl. 20:42 í 57 l/s ádælingu niður á 1700 m dýpi (sjá mynd 9). Á þeim tíma sem leið á milli mælinganna hafði hitastigið á 1550 m dýpi lækkað um ~45°C, sem bendir til að eitthvað af þessari ádælingu komist niður fyrir 1550 m. Það er þó ljóst að allar æðar neðan 1410 m eru óverulegar og tókst ekki að opna þær í örvunaraðgerðum, en ofan 1410 m opnuðust æðar eins og þrýstibreytingar í töflu 6 og á mynd 4 sýna.



Mynd 7. Prýstingur með dýpi við mismunandi ádælingu (örvunaraðgerðir).

Tafla 6. Niðurstöður örvunar.

Dagsetning	Prýstibreyting (bar)	Ádæling (breyting)
16. júlí 2000.	~5,9	43 l/s í 25 l/s
Fyrir 1. örvun.	~7,8	25 l/s í 0 l/s
17. júlí 2000.	~5,2	43 l/s í 25 l/s
Eftir 1. örvun.	~6,5	25 l/s í 0 l/s
18. júlí 2000.	~5,3	43 l/s í 25 l/s
Eftir 2. örvun.	~6,4	25 l/s í 0 l/s




Mynd 8. Hitamælingar sem gerðar voru samfara örvunaraðgerðum, $Q \leq 25$ l/s.

Þar sem ávinningur af seinni örvuninni reyndist lítill var ákveðið að hætta þeim að svo stöddu, en ýmsar mikilvægar upplýsingar um æðar og eiginleika holunnar almennt fengust. Áður en hitamæling í stöngum og upphitun fyrir uppteikt stanga var gerð, var þó ákveðið að láta holuna hitna án ádælingar í um tvo tíma og kæla hana síðan, bæði í gegnum stangir og utan með stöngum.


Að morgni 19. júlí var hitamælt í stöngum, og eru niðurstöður mælinganna sýndar á mynd 11, en þar sést að ádælingin nær ekki að kæla holuna niður fyrir ~1410 m. Að þessum mælingum loknum voru stangir teknar úr holu og þegar þær voru komnar upp var strax byrjað á jarðlagamælingum. Þær hófust kl. 18:30 með hitamælingu í opinni holu, síðan voru nifteindir og gammageislun mæld, því næst holuvídd og að lokum var

viðnám mælt, og eru þessar mælingar allar sýndar á mynd 12, en þeim lauk um kl. 3 aðfaranótt 19. júlí. Jarðlagamælingarnar gengu almennt vel, en vegna hita var hvorki hægt að mæla nifteindir, gammageislun né holuvídd neðan 1510 m, en hiti og viðnám var mælt til botns (1740 m). Í mælingu á holuvídd virðist “discrimination” ekki vera rétt stillt neðan ~1375 m, en þar fyrir ofan má sjá að holan er víðast hvar eitthvað sporvölulaga, en meiri útvöskun er neðan fóðringar niður að um 1000 m dýpi en annars staðar í holunni. Viðnám, nifteindir og gamma sýna vel jarðlagaskipan í holunni, sérstaklega er áberandi ísúrt berg í gammamælingunni á 1215–1225 m, 1290–1315 m og kringum 1400 m dýpi. Frekari úrvinnsla á þessum mælingum bíður lokaskýrslu.


Mælingum í 3. áfanga lauk síðan með þrepaprófun 20.–21. júlí, og er fjallað um þær í næsta kafla.




Mynd 9. Hitamælingar sem gerðar voru samfara örvunaraðgerðum, $Q \geq 43$ l/s.



Mynd 10. Upphitun á 1739 m dýpi þann 18. júlí 2000.




Mynd 11. Hitamælingar í stöngum eftir örvanir.



Mynd 12. Jarðlagamælingar í NV-21.


5. ÞREPAPRÓFUN

